

Umbótaáætlun vegna ytra mats

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Hver vinnur áætlun	Tillögur til umbóta/ Hvaða bjargir þarf?	Hvenær lokið	Hvernig á að meta.
Svið 1 - Stjórnun					
Fagleg forysta					
Stjórnandinn sem leiðtogi	Huga ber að meiri endurgjöf til kennara, t.d. með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.	Skólastjóri í samvinnu við kennara og annað fagfólk.	Skólastjóri fari í kennslustund hjá öllum kennurum x2 yfir skólaárið. Gefi endurgjöf á eftir.	Stöðugt í vinnslu.	Skoða vinnublöð eftir vettvangsheimsóknir. Sjálfsmatsteymi
Stjórnun stofnunar	Gera þarf starfslýsingar fyrir alla starfsmenn og hafa aðgengilegar.	Skólastjórn í samvinnu við hvern starfsmannahóp	Unnar verði starfslýsingar. Aðstoð frá stéttafélögum ef þörf krefur.	September 2014.	Starfslýsingar koma fram í starfsáætlun.
	Jafnréttisáætlun svo og eineltisáætlun/verklagsreglur í ágreiningsmálum starfsfólks þurfa að liggja fyrir.	Starfsmenn Fjölskyldusviðs ásamt starfsmönnum grunnskólanna í samráði við fagaðila.	Jafnréttisáætlun unnin í samvinnu við Grundaskóla ásamt verklagsreglum vegna ágreiningsmála í starfsmannahópnum.	September 2014.	Áætlanir/verklýsingar settar á heimasíðu skólans og í starfsáætlun.
Faglegt samstarf	Engar tillögur til umbóta.				
Skólaþróun	Gera þarf þróunar- og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans svo og innra og/eða ytra mati á starfinu.	Lífsleikniteymi, sjálfsmatsteymi og stjórnendur	Unnið í samræmi við endurskoðun á starfsáætlun en þar er sett inn tímaáætlun um innra og ytra mat.	Að vori hvers skólaárs.	Á að birtast í sjálfsmatsskýrslu hvers árs.
Stefnumótun og skipulag					
Starfsáætlun og skólanámskrá	Bein aðkoma foreldra og nemenda gæti verði meiri við vinnu að skólanámskrá, t.d.	Skólastjórn ásamt skólaráði og foreldrafélagi.	Stjórn foreldrafélagsins og skólaráð komi að vinnu við ákveðna	Nóvember 2014.	Skólanámskráin sett á heimasíðu skólans.

	þar sem fjallað er um skólareglur eða aðra þá þætti sem snúa beint að nemendum og foreldrum.		þætti við gerð nýrrar skólanámskrár. T.d. við vinnu við nýjar skólareglur og umræðu um heimanám.		
Skóladagur nemenda	Huga má að hvort enn frekar sé hægt að koma á sameiginlegum tímum á töflu t.d. fyrir samvinnu milli árganga og í bóklegum greinum. Þannig mætti efla enn frekar teymisvinnu.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Hafa þarf þetta í huga við stundaskrágerð.	Í vinnslu á hverju vori.	Stundaskrár.
Verklagsreglur og áætlanir	Endurskoða þarf skólareglur m.t.t. nýrrar reglugerðar.	Allir starfsmenn ásamt skólaráði, nemendaráði og foreldrafélagi.	Unnar verði nýjar skólareglur.	Ágúst 2014.	Skólareglur settar á heimasíðu skólans og í starfsáætlun. Sjálfsmatsteymi
	<i>Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku þarf að gera.</i>	Deildarstjórar sérkennslu beggja grunnskólanna í samvinnu við fjölmenningatrymi og þá kennara sem sinna þessari kennslu.	Unnin verði móttökuáætlun fyrir grunnskóla Akraneskaupstaðar.	Ágúst 2014	Áætlun sett á heimasíðu skólans og í starfsáætlun. Sjálfsmatsteymi.
	Æskilegt væri að hafa heildstæða forvarnaráætlun sem nær til allra þátta forvarna og þar sem markmið koma fram.	Starfsmenn stoðþjónustu ásamt starfshópi um velferðarstefnu fyrir Akraneskaupstað.	Unnin verði heildstæð forvarnaráætlun fyrir skólasamfélagið.	Desember 2014.	Áætlun sett á heimasíðu skólans og í starfsáætlun. Sjálfsmatsteymi
Samskipti heimila og skóla					

Skólaráð, foreldrafélag	Þar sem fulltrúar í skólaráði eiga að vera kosnir til 2ja ára væri eðlilegt að nemandi úr 9.bekk væri kosinn annað hvert ár (þannig væri alltaf 1 úr 9. bekk og 1 úr 10.bekk og sætu í 2 ár).	Skólastjóri ásamt umsjónarmanni félagsmála nemenda.	Passað verði upp á að hafa samsetningu nemenda í skólaráði með þessum hætti. Eins verði passað upp á kynjahlutfall.	Í vinnslu á hverju hausti.	Listi yfir meðlimi skólaráðs er birtur á heimasíðu skólans.
	Æskilegt væri að skólaráð setti sér formlega vinnuáætlun til árs þar sem fram kæmu helstu málefni hvers fundar.	Skólastjóri ásamt skólaráði.	Gerð verði starfsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram koma fundatímar og föst málefni.	Í vinnslu á hverju hausti.	Starfsáætlun skólaráðs verður sett á heimasíðu skólans og í starfsáætlun.
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Efla þarf og samræma öflugt upplýsingaflæði í gegnum Mentor.	Kennarar og annað fagfólk.	Unnar verði verklagsreglur um notkun á Mentor.	Verklagsreglurnar verði tilbúnar í ágúst 2014.	Sjálfsmatsteymi vor 2015.
	Skólinn þarf að hvetja foreldra til að fylgjast reglulega með áætlunum, heimanámi, viðburðum o.fl. á Mentor.	Skólastjórn, kennarar, annað fagfólk og foreldrafélag.	Senda verklagsreglur á foreldra og birta á heimasíðu. Senda bréf á hverju hausti til að hvetja foreldra til að nota kerfið.	Í stöðugri vinnslu.	Verklagsreglur verða settar á heimasíðu skólans og í starfsáætlun. Farið yfir þær á foreldrafundum að hausti.
Svið II – Nám og kennsla					
Nám og námsaðstæður					
Inntak og árangur	Uppfæra þarf skólanámskrá og námsvísa.	Skólastjórn, kennarar, annað fagfólk og fulltrúar foreldra hvað	Skólanámskrá og námsvísar verði unnir í samræmi við nýja	Vor 2015.	Verður birt á heimasíðu.

Umbótaáætlun vegna ytra mats

	varðar ákveðna þætti.	aðalnámskrá.			
Samræma þarf kennsluáætlanir.	Kennarar og annað fagfólk í samvinnu við skólastjórn.	Samfella og samræmi verði í kennsluáætlunum allra greina frá 1. – 10. bekk.	Júní 2015.	Kennsluáætlanir verða settar á heimasíðu skólans.	
Finna þarf leiðir til að foreldrar og nemendur nýti og tengi upplýsingar um nám og markmið í námsvísunum og áætlunum.	Skólastjórn, kennarar, annað fagfólk og fulltrúar foreldra.	Að foreldrar verði betur meðvitaðir um hvar þeir geta nálgast upplýsingar um nám barna sinna. Þetta verði kynnt á fundum á haustin.	Í stöðugri vinnslu.	Farið yfir á foreldrafundum á hverju hausti.	
Huga þarf að stærðfræðikennslu með sérstaka áherslu á að efla framfarir á unglingastigi.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Endurskoða þarf kennsluhætti og áherslur í stærðfræðikennslu í heild sinni. Huga að námskeiði fyrir kennara.	Í stöðugri vinnslu.	Niðurstöður samræmdra prófa.	
Skoða þátttöku nemenda á samræmdum prófum og bæta hana þar sem við á.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Stefnt að því að þátttaka nemenda skólans verði í samræmi við það sem almennt gerist á landinu	September ár hvert.	Skýrsla um fjölda nemenda í samræmdum prófum.	
Skipulag náms og námsumhverfi	Gera þarf grein fyrir námsmati og viðmiðum um það í skólanámskrá.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Setja upp viðmið í námsmati og hvernig það er framkvæmt.	Í stöðugri vinnslu.	Skólanámskrá sett á heimasíðu skólans/Mentor.
Efla þarf möguleika nemenda á vali í námi.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Auka val á öllum skólastigum.	Í stöðugri vinnslu. Breyting verður haustið 2014.	Stundaskrár bekkja.	

Umbótaáætlun vegna ytra mats

	Efla þarf notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Auka notkun upplýsingatækni í námsgreinum.	Í stöðugri vinnslu.	Námsvísar.
Kennsluhættir og gæði kennslu	Efla teymiskennslu og nýta á fjölbreyttan hátt þá kennslufræðilegu hæfni sem býr í kennurum.	Kennarar, annað fagfólk og skólastjórn.	Þarf að endurskoða stundaskrágerð.	Í vinnslu á hverju vori.	Stundaskrár.
	Hvetja nemendur til samvinnu við nám, markviss félagastuðningur eflir nám.	Kennarar, annað fagfólk og skólastjórn.	Breyta kennslutilhögun.	Í stöðugri vinnslu.	Kennsluáætlanir og uppgjör á þeim.
	Tengja nám og námsmat betur við markmið.	Kennarar, annað fagfólk og skólastjórn.	Skólanámskrá og námsvísar verði unnir í samræmi við nýja aðalnámskrá.	Í stöðugri vinnslu. Hangir saman við samræmingu kennsluáætlana sem eiga að vera komnar í nýtt form í júní 2015.	Skólanámskrá og kennsluáætlanir á heimasíðu.
Námshættir og námsvitund	Huga betur að áhugasviði nemenda og vitund þeirra um styrkleika sína.	Kennarar, annað fagfólk og skólastjórn.	Kennsluáætlanir og val taki mið af þessu.	Í stöðugri vinnslu.	Skólanámskrá á heimasíðu skólans.
	Auka þátttöku nemenda í að skipuleggja nám sitt og námsaðferðir og að meta framgang sinn.	Kennarar, annað fagfólk og skólastjórn.	Gera nemendur ábyrgari fyrir námi sínu með þátttöku í gerð námsáætlana og við mat á færni.	Í stöðugri vinnslu en verði inni í skipulagi kennslu skólaárið 2014-2015.	Kennarar og skólastjórn.
	Bæta tækjakost skólans með það að markmiði að efla notkun upplýsingatækni.	Skólastjórn og bæjaryfirvöld.	Setja þarf peninga í að bæta tölvu- og tækjakost og gera áætlun um endurnýjun.	Veruleg bót verði ráðin á þessu fyrir upphaf skólaárs 2014.	Sjálfsmatsteymi setji þetta inn í sína áætlun.

Pátttaka og ábyrgð nemenda					
Lýðræðisleg vinnubrögð	Auka pátttöku nemenda við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og telja sig hafa áhrif.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Vera með málþing nemenda þar sem þeir fá að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.	Á hverju skólaári. Fyrst skólaárið 2014-2015.	Með nemendakönnun.
	Skrá þarf verklag við að afla sjónarmiða nemenda.	Skólastjórn, kennarar, annað fagfólk og nemendaráð.	Til verði fast skipulag sem unnið er eftir.	Skipulag tilbúið í nóvember 2014.	Skipulag fer inn í starfsáætlun sem er sett á heimasíðu.
	Kynna þarf foreldrum og öllum nemendum á markvissan hátt niðurstöður umræðna nefnda, kannana og innra mats.	Skólastjórn og sjálfsmatsteymi.	Helstu niðurstöður allra kannana sendar foreldrum og settar á heimasíðu með vísun í heildarniðurstöður.	Í stöðugri vinnslu.	Með foreldrakönnun.
Ábyrgð og pátttaka	Kennarar þurfa að tengja nám og kennslu við markmið nemenda.	Kennarar, annað fagfólk og nemendur.	Kennarar vinni kennsluáætlanir í samráði við nemendur.	Í stöðugri vinnslu.	Með kennara- og nemendakönnun.
	Viðmið um árangur þurfa að vera opinber og sýnileg.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Vinna þarf viðmið um árangur og birta þau.	Júní 2015.	Skólanámskrá á heimasíðu skólans.
	Nemendur þurfa að tengja nám við markmið og mat við viðmið um árangur.	Kennarar, annað fagfólk og nemendur.	Aðstoða þarf nemendur við að gera sér grein fyrir sinni ábyrgð á eigin námi.	Í stöðugri vinnslu.	Með kennara- og nemendakönnun.
Námsaðlögun					
Nám við hæfi allra nemenda	Auka fjölbreytni við nám og kennslu nemenda í sérkennslu.	Deildarstjóri sérkennslu, kennarar og annað fagfólk.	Þetta er unnið með nýjum kennsluáætlunum og námsskipulagi.	Í stöðugri vinnslu.	Með kennara- og nemendakönnun.

	Setja fram vel skilgreind markmið með námi nemenda með sérþarfir og gera nemendum ljós þau markmið.	Deildarstjóri sérkennslu, kennarar og annað fagfólk.	Gera námsskipulag sérkennslu sýnilegra fyrir nemendur og foreldra.	Í stöðugri vinnslu, fyrst í ágúst/september 2014.	Með könnun.
	Tengja verkefni og viðfangsefni nemenda meira við áhuga.	Kennarar, annað fagfólk og skólastjórn.	Kennsluáætlanir og val taki mið af þessu.	Í stöðugri vinnslu.	Skólanámskrá á heimasíðu skólans.
Stuðningur við nám	Skrá þarf hvernig bregðast eigi við niðurstöðum mats og skimana.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Gera verkferla sem unnið er eftir.	Nóvember 2014.	Skólanámskrá á heimasíðu skólans.
	Huga þarf að viðfangsefnum sem koma til móts við bráðgera nemendur.	Skólastjórn, kennarar og annað fagfólk.	Vinna þarf stefnu skólans varðandi bráðgera nemendur.	Nóvember 2014	Skólanámskrá á heimasíðu skólans.
Svið III – Innra mat					
Framkvæmd innra mats					
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Vinna þarf að langtímaáætlun í innra mati.	Starfsfólk/ Stjórnendur/ Sjálfsmatsteymi.	Tíma til umræðna og Ákvarðana.	Maí 2014.	Skoða skýrslu um innra mat vetrarins þar sem áætlun á að koma fram.
	Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.	Stjórnendur í samvinnu við kennara og annað fagfólk.	Farið verði í kennslustund hjá öllum kennurum x2 yfir skólaárið. Endurgjöf á eftir.	Stöðugt í vinnslu.	Skoða vinnublöð eftir vettvangsheimsóknir. Sjálfsmatsteymi.
Innra mat er	Skilgreina þarf viðmið um	Allt starfsfólk/	Unnið að viðmiðum um	Maí 2014.	Skoða skýrslu um

markmiðsbundið	árangur sem stefnt er að.	Sjálfsmatsteymi.	gæði.		innra mat.
	Leiðir að markmiðum svo sem verkferla, aðgerðir og áætlanir þarf að skilgreina nánar.	Skólastjórn/starfsfólk/ Sjálfsmatsteymi.	Skólastjórn og teymi gera tillögur sem síðan eru ræddar meðal starfsfólks.	Stöðugt í vinnslu.	Skoða skýrslu um innra mat.
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	Engar tillögur til umbóta.				
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Allt starfsfólk, foreldrar og nemendur þurfa að vera virkir þátttakendur í samræðum um áherslur, forgangs röðun og framkvæmd innra mats og um þróun og umbætur í kjölfar matsins.	Starfsfólk/foreldrar/ Nemendur.	Tími til funda með framangreindum aðilum.	Að hausti.	Sjá í fundargerðum.
<u>Umbótastarf í kjölfar innra mats</u>					
Innra mat er opinbert	Vinna þarf að umbótaáætlun og birta á heimasíðu.	Starfsfólk/ Sjálfsmatsteymi.	Skipuleggja fundi þannig að hægt sé vinna og fara yfir umbótaáætlun.	Að hausti ár hvert.	Skoða heimasíðu.
Innra mat er umbótamiðað	Gera þarf tímasetta umbótaáætlun með skilgreindum ábyrgðaraðilum. Þar þarf einnig að koma fram hvernig á að meta árangur aðgerða.	Sjálfsmatsteymi/ skólastjórn/starfsfólk.	Taka inn í skipulag vetrarins.	Að hausti ár hvert.	Skoða skýrslu um innra mat.

Svið IV – Skólabragur

Ábyrgð samfélagsins

Starfsandi og skólareglur	Skólareglur þarf að uppfæra m.t.t. nýrrar reglugerðar. Þær þarf að vinna í samvinnu við alla hagsmunaaðila: starfsfólk, nemendur og foreldra.	Starfsfólk skóla, skólaskrifstofa, foreldrar og nemendur.	Vinna þarf nýjar skólareglur með öllum aðilum skólasamfélagsins.	Nóvember 2014.	
Áætlanir og kannanir	Gera þarf jafnréttisáætlun sem nær bæði til nemenda og starfsmanna.	Starfsmenn Fjölskyldusviðs ásamt starfsmönnum grunnskólanna.	Jafnréttisáætlun unnin í samvinnu við Grundaskóla og Fjölskyldusvið.	September 2014.	Áætlanir/verklýsingar settar á heimasíðu skólans og í starfsáætlun.
Nemendalýðræði	Finna þarf farveg fyrir upplýsingamiðlun frá nemendaráði til annarra nemenda.	Umsjónarmaður félagsstarfs og nemendaráð.	Komið verði upp kerfi sem nemendaráð getur notað.	Mars 2014.	Með nemendakönnun.